

**Nd.**

**92. Frumvarp til laga**

**[73. mál]**

um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Flm.: Kristján Thorlacius, Magnús Kjartansson.

**1. gr.**

Lög nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, eru úr gildi fallin.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að afnumið verði bann við verkföllum opinberra starfsmanna, er felst í lögum nr. 33 frá 1915.

Bann þetta var lögfest við allt aðrar aðstæður en nú eru í þjóðfélaginu. Síðan hefur verkfallsréttur annarra launastétta verið ákveðinn með lögum, og er það algert misrétti, að starfsmenn ríkis og bæja búi ekki við sama rétt og aðrir landsmenn í þessu efni.

Lögum nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var ætlað að bæta hér úr að nokkru, en reynslan hefur sýnt, að sá takmarkaði samningsréttur, sem þau lög ákveða, þar sem gerðardómur (Kjaradómur) hefur endanlegt úrskurðarvald, hefur ekki reynzt vel.

Flm. telja eðlilegt, ef frumvarp þetta verður að lögum, að jafnframt verði lögfest sérstök ákvæði í samráði við samtök opinberra starfsmanna um samningsrétt þeirra, er starfa við öryggisþjónustu, og er það í samræmi við yfirlýsta stefnu samtaka opinberra starfsmanna.

Á Norðurlöndum hefur orðið sú þróun á undanförunum árum, að í Noregi og Svíþjóð hefur verið lögfestur verkfallsréttur opinberra starfsmanna, og hvorki í Danmörku né Finnlandi eru lagaákvæði, er hanna verkföll þeirra.